

## Biðlistar eftir völdum skurðaðgerðum, febrúar 2015

### Greinargerð með töfluyfirliti

Embætti landlæknis hefur nú uppfært yfirlit yfir stöðu á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum. Það ber að áréttu að í eftirfarandi samantekt **vísar fjöldi á biðlista ávallt til þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir aðgerð**. Heildarfjöldi þeirra sem bíða eftir aðgerð er því meiri (biðlisti + vinnulisti).

Á heildina litið er um fjölgun að ræða eða óbreytt ástand á biðlistum þeirra völdu skurðaðgerða sem hér um ræðir frá síðustu mælingu í október. Greina má fækkun á biðlistum þriggja aðgerðahópa. Ekki virðist hægt að tengja fjölgun á biðlistum beint við verkfall lækna í lok síðasta árs þar sem aukningin er ekki áberandi meiri en verið hefur undanfarið ár. Þó er heldur ekki hægt að útiloka að fjölgun á sumum biðlistum sé vegna verkfallsins.

Eftir sem áður eru fjölmennustu biðlistarnir eftir skurðaðgerð á augasteini og gerviliðaaðgerðum á mjóðm og hné. Mest áberandi er fjölgun á biðlista eftir skurðaðgerð á augasteini en sú aukning sýnist þó vera meiri en raunin er vegna breyttra forsendna við talningar á biðlistum. Í kjölfar síðustu innköllunar kom í ljós misræmi milli þess hvort stofnanir/stofur teldu *einstaklinga* eða *aðgerðir* á biðlista. Í tilviki augasteinsaðgerða er oft um að ræða aðgerðir á báðum augum sem gerðar eru með u.þ.b. mánaðar millibili. Þar sem um er að ræða aðskildar aðgerðir og einstaklingar koma í slíkum tilvikum oftast en einu sinni fyrir á viðkomandi biðlista var ákveðið að réttast væri að setja fram upplýsingar um fjölda aðgerða (augna) á biðlistanum. Þetta varð til þess að nokkrir aðilar þurftu að breyta aðferðum við talningar sem leiðir til þess að fjölgun á biðlistum virðist meiri en raunin er (sjá nánari umfjöllun hér að neðan).

Auk upplýsinga um fjölda á biðlistum eru einnig birtar tölur um fjölda framkvæmdra aðgerða árið 2014 (sjá vinnublað 2 í töfluyfirliti). Sjá má að fjöldi aðgerða er almennt nokkuð minni en síðustu ár. Ætla má að læknaverkfall seinnihluta árs hafi haft áhrif þar á og er það í samræmi við samantekt embættisins um áhrif verkfallsins.

### Áætlaður biðtími – samræmt verklag

Sem fyrr eru birtar tölur um áætlaðan biðtíma. Vakin er athygli á því að nú hefur verklag við útreikning á áætluninni verið samræmt milli stofnana. Áætlaður biðtími er nú fundinn með því að deila heildarfjölda á biðlista með meðalfjölda aðgerða á viku síðastliðið ár (meðalafköst á viku). Hafa ber í huga að ýmislegt getur haft áhrif á að þessi áætlun endurspegli ekki raunveruleikann. Ef mikið er um að á biðlistum séu einstaklingar sem vilja fresta aðgerð þegar röðin er komin að þeim þá veldur það því að heildarfjöldi á biðlista er ofmetinn og áætlaður biðtími að sama skapi. Annar mælikvarði á biðtíma er svokallaður „raunmeðalbiðtími“. Hefur honum verið bætt við yfirlitið að þessu sinni. Raunmeðalbiðtími er fenginn með því að skoða hversu lengi einstaklingar sem fóru í aðgerð á ákveðnu tímabili

(t.d. janúar–desember 2014) höfðu beðið. Sá biðtími endurspeglar í raun þá stöðu sem var á biðlistum á þeim tíma sem viðkomandi fór inn á listann. Hafi í millitíðinni orðið mikil aukning á fjölda á biðlista verður raunmeðalbiðtími því líklega vanmetinn. Verði mikil breyting á afköstum milli ára munu báðir ofantaldir mælikvarðar verða skekktir. Af ofansögðu má sjá að mikilvægt er að taka upplýsingum um áætlaðan biðtíma með talsverðum fyrirvara. Sjúklingar þurfa ávallt að snúa sér til viðkomandi stofnunar/stofu til þess að fá nánari upplýsingar um stöðuna hverju sinni.

## Ítarlegri greining á stöðu biðlista

Samanborið við stöðu á biðlistum í október 2014 er fjölgun á eftirfarandi biðlistum:

- Enn lengist biðlisti eftir **skurðaðgerð á augasteini**. Nú er 2861 aðgerð á biðlista af 3409 aðgerðum (vinnulisti + biðlisti) sem liggur fyrir að þarf að framkvæma. Það þýðir að rúm 83% aðgerðanna bíða lengur en 3 mánuði. Við síðustu innköllun voru 2068 aðgerðir/einstaklingar á biðlista sem er ekki fyllilega sambærilegt við fjöldann nú þar sem ákveðnar aðilar miðuðu talningar við fjölda einstaklinga á biðlista en ekki fjölda aðgerða (sjá nánari útskýringar í þriðju efnisgrein greinargerðar). Aukningin er því í raun ekki eins mikil og hún virðist fljótt á litið vera. Aðferðir við talningar á Landspítala hafa haldist óbreyttar og því er ágætt að nota þær sem mælikvarða á aukninguna. Í október 2014 var 931 aðgerð á biðlista á Landspítala en nú eru þær 1068 sem er aukning upp á tæp 15%. Áætlaður biðtími eftir augasteinsaðgerð hefur að sama skapi lengst. Hjá Sjónlagi er áætluð bið eftir aðgerð nú tæplega 3 ár en styst er biðin hjá sjálfstætt starfandi augnlæknum með aðstöðu á Sjúkrahúsinu á Akureyri, um 35 vikur. Áætluð bið á Landspítala er 88 vikur. Þeir sjúklingar sem fóru í aðgerð á Landspítala á árinu 2014 reyndust hins vegar hafa beðið skemur eða að meðaltali 37 vikur (raunmeðalbiðtími). Þetta sýnir vel að mat á áætluðum biðtíma ber að taka með allnokkrum fyrirvara. Margir þættir geta haft áhrif á þessa útreikninga (sjá nánari umfjöllun í undangengnum kafla um áætlaðan biðtíma).
- Alls hafa 304 einstaklingar beðið lengur en þrjá mánuði eftir **gerviliðaaðgerð á mjöðm** sem er fjölgun um rúmlega 23% frá því í október. Alls eru 397 á heildarbiðlista (vinnulisti + biðlisti) sem þýðir að tæp 77% einstaklinga hafa beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð. Áætluð bið eftir aðgerð er rúmt ár á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi en um 35 vikur á Landspítala og 24 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Áætlaður biðtími hefur því lengst lítillaga frá síðustu mælingu.
- Þeim sem eru á biðlista eftir **gerviliðaaðgerð á hné** hefur einnig fjölgað lítillaga, úr 483 í október í 510 nú í febrúar sem er aukning upp á 5,6%. Alls eru 658 einstaklingar á heildarbiðlista eftir aðgerð. Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir aðgerð er því rúm 77%. Áætlaður biðtími eftir aðgerð hefur lengst nokkuð frá síðustu mælingum og er nú 96 vikur á Landspítala en 43 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þess ber þó að geta að raunmeðalbiðtími fyrir þá sjúklinga sem fóru í aðgerð á árinu 2014 á Landspítala reyndist hafa verið 50 vikur.
- Konum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **völdum aðgerðum á grindarholslíffærum kvenna** (þ.m.t. vegna legsigs og þvagleka) hefur fjölgað lítillaga. Nú eru 259 konur á biðlistanum, en þær voru 249 í júní og 234 á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími á Landspítala, þar sem flestar aðgerðirnar eru framkvæmdar er nú 61 vika, en var 44 vikur á sama tíma fyrir ári. Raunmeðalbiðtími þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á árinu 2014 var 39 vikur.

- Fjöldi kvenna sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **legnámsaðgerð** hefur fjölgað úr 119 í 124 frá því í október. Á sama tíma fyrir ári biðu 104 konur lengur en 3 mánuði eftir aðgerð. Áætlaður biðtími er 29–30 vikur á Landspítala og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi en 16 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
- Einstaklingum á biðlista eftir **aðgerð vegna kviðslits** heldur áfram að fjölga, úr 103 í október í 122 núna. Á sama tíma fyrir ári voru 57 á biðlista. Áætlaður biðtími á Landspítala hefur lengst að sama skapi og er nú 29 vikur en raunmeðalbiðtími þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2014 reyndist hafa verið 11 vikur. Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands var raunmeðalbiðtíminn hins vegar 4–8 vikur en var 2–4 vikur allt síðasta ár. Um 60% einstaklinga á bið- og vinnulistum hafa beðið lengur en þrjá mánuði eftir aðgerð, sem er nokkuð stærra hlutfall en við síðustu tvær mælingar (47%).
- Áframhaldandi fjölgun er á biðlista eftir **aðgerð til brjóstaminnkunar**. Nú hafa 49 einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði en þeir voru 39 á sama tíma fyrir ári. Á Landspítala reiknast nú áætluð bið eftir aðgerðinni 78 vikur en raunmeðalbið þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2014 var 22 vikur.
- Nokkur aukning hefur orðið á fjölda kvenna sem bíða lengur en 3 mánuði eftir **ófrjósemisaðgerð**, nú eru 36 konur á biðlista en voru 28 í júní. Áætlaður biðtími á Landspítala hefur hins vegar styst úr 53 vikum í 35 frá því í október.
- Allnokkur fjölgun hefur orðið á biðlista eftir **brjósksloaaðgerð**. Í október höfðu 11 beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð en nú er um að ræða 20 einstaklinga. Fyrir ári síðan hafði enginn beðið lengur en 3 mánuði. Samanlagt eru 43 einstaklingar á bið- og vinnulistum. Áætluð bið er þó ekki lengri en 5 vikur á Landspítala.
- Einhverja fjölgun má greina á fjölda þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir aðgerðum á hjartalokum, kransæðaaðgerðum, brjóstnámi, skjaldkirtilsaðgerðum, æðahnútaaðgerðum og skurðaðgerðum á maga vegna offitu. Í þessum tilvikum eru biðlistar þó ekki langir.

#### **Miðað við stöðu á biðlistum í október 2014 er fækkun á eftirfarandi biðlistum:**

- Biðlisti eftir **gallsteinaaðgerð** hefur dregist lítillega saman frá því í október í fyrra. Nú eru 84 á biðlistanum en í október voru 97 á biðlista (fækkun um 15,5%). Þó skal bent á að á sama tíma fyrir ári höfðu 45 einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði.
- Nokkur fækkun hefur orðið á biðlista eftir **aðgerðum vegna vélindabakflæðis og þindarslits**. Nú eru 19 manns á biðlistanum samanborið við 23 í október. Á sama tíma fyrir ári voru þetta 18 einstaklingar. Sé litið lengra aftur sést að almennt eru allnokkrar árstíðabundnar sveiflur á biðlistanum.
- Enn hefur orðið fækkun á biðlista eftir **aðgerðum á blöðruhálskirtli**. Frá árinu 2008 hafa u.þ.b. einn til tveir einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð. Í júní á síðasta ári fjölgaði nokkuð snögglega í tíu einstaklinga en síðan þá hefur aftur fækkað.

#### **Miðað við stöðu á biðlistum í október 2014 standa eftirfarandi biðlistar í stað:**

- Biðlisti eftir **hjarta og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkanir meðtaldar)** stendur nokkurn veginn í stað miðað við stöðuna í október sl. Nú hafa 116 einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð. Þegar litið er lengra aftur í tímann má sjá að nokkuð stöðug fjölgun hefur orðið á biðlistanum frá því í júní 2011. Hafa þeir í huga að

einstaklingar sem þurfa bráðameðferð fara ekki á biðlistann en koma samt sem áður fyrir í tölum um fjölda framkvæmdra aðgerða.

- Biðlisti fyrir eftirfarandi aðgerðahópa er nokkurn veginn óbreyttur frá því í október:
  - **Brottnám hvekkis um þvagrás** – 17 á biðlista
  - **Aðgerðir til að bæta heyrn** – 5 á biðlista.
  - **Viðgerðir á nefskipt** – 15 á biðlista
  - **Úrnám hálskirtla** – 27 á biðlista.

#### **Við túlkun biðlistaupplýsinga ber að hafa eftirfarandi í huga:**

- Biðlistar sveiflast eftir árstímum, t.d. vegna sumarleyfa starfsmanna.
- Sjúklingar geta sjálfir í samráði við sinn lækni frestað aðgerð en þannig lengist biðtíminn. Að sama skapi verður útreikningur á áætluðum biðtíma skekktur þar sem færri einstaklingar eru þá í „virkri bið“ eftir aðgerð en heildarfjöldinn gefur til kynna.
- Mikill fjöldi á biðlista jafngildir ekki alltaf langri bið; líta þarf til meðalfjölda framkvæmdra aðgerða á undangengum tímabilum.

#### **Um innköllun og úrvinnslu upplýsinga**

Embætti landlæknis hefur staðið fyrir innköllun og úrvinnslu á biðlistaupplýsingum allt frá árinu 1986 með hléum, en frá árinu 2007 hafa biðlistar verið kallaðir inn reglulega þrisvar sinnum á ári. Er þessi gagnasöfnun hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki landlæknis, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.

Upplýsingar um biðlista eru birtar reglulega með ítarlegum skýringum á heimasíðu Embættis landlæknis. Birtar eru upplýsingar um fjölda einstaklinga sem skráðir eru á biðlista og hafa beðið lengur en 3 mánuði, sem og upplýsingar um fjölda framkvæmdra aðgerða.

Embættið hefur kallað eftir upplýsingum um áætlaðan biðtíma frá því í október 2008. Þar sem ýmislegt getur skekkt áætlun á biðtíma ber einungis að hafa hann til hliðsjónar. Sjúklingar og aðstandendur þeirra þurfa ætíð að snúa sér til viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða stofu læknis til þess að fá nánari upplýsingar um stöðuna hverju sinni. Samkvæmt lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997 er læknum skylt að veita sjúklingi upplýsingar um áætlaðan biðtíma eftir meðferð sem hann þarfnast og upplýsa um möguleika til að fá meðferðina fyrr annars staðar.

Reykjavík, 27. febrúar 2015

*Svanhildur Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri  
heilbrigðisupplýsingasviði*

*Laura Scheving Thorsteinsson verkefnisstjóri  
sviði eftirlits og gæða*